

## Nefndarálit

um frv. til l. um stofnun hlutafélags um Norðurorku.

Frá minni hluta iðnaðarnefndar.

Minni hlutinn leggst eindregið gegn samþykkt frumvarpsins. Hann telur það í grundvallaratriðum vera ranga stefnu að hlutafélagavæða velferðarþjónusu og stoðkerfi samfélagsins á borð vð orkuveitur. Reynsla kennir að slíkt kemur notendum í koll þegar til lengri tíma er litið auk þess sem skorið er á lýðræðisleg yfirráð yfir grunnþjónustu í samfélaginu með því að breyta þjónustustofnunum í hlutafélög.

Frumvarpið er auk þess mjög seint fram komið og hefði þurft miklu nánari skoðun áður en þingið staðfestir það sem lög.

Enn er á það að líta að áður en ráðist er í breytingar af þessu tagi hefði þurft að liggja fyrir mótuð heildstæð framtíðarsýn í orkumálum landsmanna.

Alþingi, 13. des. 2002.

Árni Steinar Jóhannsson.